

Ed.

## 47. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa, stækka og starfrækja sildarbræðslu-  
verksmiðjuna á Norðfirði.

Flm.: Ingvar Pálmason.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa og starfrækja sildar- og fiskimjölsverk-  
smiðju þá, sem nú er á Norðfirði, ef samningar nást um kaupin.

Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að láta stækka verksmiðjuna svo, að hún  
geti unnið úr allt að 1500 til 2000 málum sildar á sólarhring, og taka lán í því  
skyni.

### 2. gr.

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn sildarverk-  
smiðjunnar á Norðfirði.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir heiðni bæjarstjórnarinnar á Norðfirði.

Eins og kunnugt er, hefir atvinnulífi á Austfjörðum farið síhnignandi ár frá  
ári undanfarið. Afli hefir brugðizt þar ár eftir ár, og sum hreppsfélögin hafa  
gefizt upp og leitað á náðir ríkisins.

Neskaupstaður hefir þó til þessa reynt að berjast gegn þessari óáran til sjáv-  
arins, með því að reyna með tilstyrk bæjarfélagsins að skapa á staðnum nýjan  
atvinnurekstur í stað hins, sem þverrandi fer. Má þar nefna sem fyrstu tilraun  
byggingu sildarbræðslunnar þar, og síðar, að keyptur var togari, með það eink-  
um fyrir augum að veiða sild að sumrinu fyrir verksmiðjuna.

Þegar verksmiðjan á Norðfirði var reist, var hún fyrsta sildarverksmiðja, sem  
reist hafði verið á Austurlandi. Hún var höfð lítil, því enginn gerði ráð fyrir, að  
hlutverk hennar yrði annað en það, að vinna úr fjarðasild að vetrinum. Af þeim  
ástæðum var allt til hennar skorið svo við neglur í upphafi, að hún var aðeins höfð  
fyrir 200—300 mála vinnslu.

En fjarðasildin hefir ekki komið neitt að ráði hin síðari ár. Og meðan þessi  
litla verksmiðja var ein á Austfjörðum og fá skip voru gerð út þaðan fékk verk-  
smiðjan mjög litla sild til vinnslu; það var árin 1934 og 1935. Árið 1936 samdi  
verksmiðjan við togara um að kaupa af honum sild yfir sumarið. Fékk verksmiðjan  
þá í fyrsta sinn allmikla sild. En það, sem sérstaklega kom þó í ljós við þessa til-  
raun, var það, að þau skip, sem veiddu sild með það fyrir augum að leggja hana  
upp á Norðfirði, fengu ekki minni veiði en hin, sem löndun höfðu á Siglufirði og  
við Eyjafjörð. Sildveiðin í sumar staðfesti enn betur þessa reynslu, því nú var komin  
verksmiðja á Seyðisfjörð, helmingi stærri en Norðfjarðarverksmiðjan, svo nú gátu  
skipin leitað austur með meiri von um löndun þar.

Vegna þess, hve Norðfjarðarverksmiðjan er afkastalítill og illa útbúin, er hún  
ekki samkeppnisfær við þær verksmiðjur, sem nú eru komnar víðsvegar um Norð-  
urland. Afkoma bræðslunnar á yfirstandandi ári sýnir þetta mjög greinilega.  
Rekstur hennar getur því varla borið sig, þó hún fái mikla sild, nema hún verði  
stækkuð að miklum mun.

Lausleg áætlun, sem gerð hefir verið um stækkun í 1500 mál, gerir ráð fyrir,  
að sú stækkun muni kosta rúml. 100 þús. krónur. Eigandi Norðfjarðarverksmiðj-  
unnar er Neskaupstaður. Bæjarstjórn treystir sér ekki til að stækka verksmiðjuna

nema með hjálp frá rikissjóði, og því hefir hún samþykkt að bjóða rikissjóði verksmiðjuna til kaups. Mundi bæjarstjórn selja verksmiðjuna fyrir áhvílandi skuldir, og yrði því aðeins um það að ræða, að rikissjóður yfirtæki þau lán, er nú hvíla á verksmiðjunni og rikissjóður er að mestu í ábyrgð fyrir, en lán yrði auðvitað að taka til stækkunar á verksmiðjunni.

Þess skal geta hér, að rikissjóður er í ábyrgðum fyrir verksmiðjuna fyrir um 100 þús. kr. og hefir að tryggingu fyrir því láni 2. veðrétt í verksmiðjunni. Ef bærinn verður að gefast upp við rekstur hennar, er því sýnt, að rikissjóður verður að taka við verksmiðjunni og þá annaðhvort að starfrækja hana eða selja hana.

Það má telja fullvist, að bæjarfélagið muni ekki reyna til að reka verksmiðjuna framvegis eins og hún er nú, því það getur ekki haft annað í för með sér en tap. Þegar aðrar afkastameiri og betur útbúnar verksmiðjur ákveða verðlag á hráefninu og geta oftast, vegna meira framboðs og meiri vissu fyrir kaupanda afurðanna, selt afurðir sínar hærra verði, þá hljóta smáverksmiðjurnar að verða undir í samkeppninni, nema þær byggist að einhverju verulegu leyti á allt öðrum grundvelli, svo sem t. d. er með verksmiðjuna á Akranesi, sem er ein um alla Faxaflóasíldina og hefir auk þess þorskalýsisbræðslu og beinavinnslu af allstórri útgerð, og verksmiðjurnar á Húsavík og Hrisey (ef hún verður byggð), sem eiga aðeins að tryggja örugga síldarsöltun á þessum stöðum.

Með kaupum á Norðfjarðarverksmiðjunni getur Alþingi stuðlað að því tvennu, að tryggja grundvöll undir atvinnulífi á Austurlandi, með því að koma í veg fyrir, að rekstur síldarbræðslunnar í Neskaupstað stöðvist, og jafnframt aukið líkurnar fyrir því, að rikissjóður tapi ekki því fé, sem hann nú er í ábyrgð fyrir vegna þessarar verksmiðju.

### Fylgiskjal.

#### Símskeyti frá bæjarstjóranum í Neskaupstað.

Ingvar Pálmason alþingismaður Rvík.

Eftirfarandi tillaga samþykkt öllum atkvæðum fundi bæjarstjórnar gær: Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkir að fela þingmönnum kjördæmisins og forstjóra verksmiðjunnar herra Jónasi Guðmundssyni að hlutast til um við Alþingi og ríkisstjórn að fóðurmjòlsverksmiðja Norðfjarðar verði yfirtekin af rikissjóði með eignum og skuldum og færð undir rekstur síldarverksmiðja ríkisins og stjórn að eftir sömu lögum og þeim. Verði gerðar á verksmiðjunni nauðsynlegar umbætur og hún strækkuð þannig að afköst hennar verði minnst 900 til 1000 mál síldar á sólarhring enda verði verksmiðjan starfrækt í þænum framvegis.

Bæjarstjóri.